

Ed.

521. Breytingartillögur

[130. mál]

við frv. til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Frá Soffíu Guðmundsdóttur.

1. 9. gr. orðist svo:
Fóstureyðing er heimil:
 1. að ósk konu, sem búsett er hér á landi eða hefur íslenskan ríkisborgararétt, ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla móti aðgerð. Skilyrði er, að konan hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerð og hafi hlotið fræðslu um, hvaða félagsleg aðstoð stendur til boða í þjóðfélaginu fyrir þungaða konu og við barnsburð,
 2. að læknisráði og í viðeigandi tilfellum að undangenginni félagslegri ráðgjöf:
 - a) Þegar ætla má, að heilsu konu, líkamlegri eða andlegri, sé hættu búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.
 - b) Þegar ætla má, að barn, sem kona gengur með, eigi á hættu að fæðast van- skapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi vegna erfða eða sköddunar í fósturlífi.
 - c) Þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða barnsföður til að annast og ala upp barn.
 - d) Þegar ætla má, að þessi þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu erfið vegna félagslegra ástæðna, sem ekki verður ráðin bót á.
 - e) Þegar konan getur ekki vegna æsku eða þroskaleysis, þegar þungun á sér stað, annast barnið á fullnægjandi hátt.
 - f) Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.
2. 11. gr. orðist svo:
 1. Fóstureyðingu má framkvæma samkvæmt 9. gr. 1. tölulið þessara laga, þegar fyrir liggur umsókn konu og greinargerð læknis um, að ekkert læknisfræðilegt mæli gegn aðgerð og skilyrðum um meðgöngutímalengd og fræðslu sé fullnægt.
 2. Fóstureyðingu má framkvæma samkvæmt 9. gr. 2. tölulið a, b og c, þegar fyrir liggur umsókn konu og greinargerð læknis um nauðsyn aðgerðar.
 3. Fóstureyðingu má framkvæma samkvæmt 9. gr. 2. tölulið d, e og f, þegar fyrir liggur umsókn konu, studd greinargerð heimilislæknis eða félagsráðgjafa um nauðsyn aðgerðarinnar, ásamt vottorði aðgerðarlæknis um, að skilyrðum 10. gr. laga þessara um lengd meðgöngutíma sé fullnægt. Umsókn og vottorð skulu rituð á þar til gerð eyðublöð.
3. 13. gr. orðist svo:
 1. Konan skal að jafnaði sjálf standa fyrir umsókn sinni um fóstureyðingu.
 2. Ef hún er vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða af öðrum ástæðum ófær um að gera sér grein fyrir nauðsyn aðgerðarinnar, er heimilt að veita leyfi til aðgerðarinnar samkvæmt umsókn sérstaklega skipaðs lögráðamanns.
 3. Sé konan yngri en 16 ára eða svipt sjálfræði, skulu foreldrar eða lögráðamaður taka þátt í umsókn með henni, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.
 4. Ef mögulegt er, skal barnsfaðir taka þátt í umsókn konunnar, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.